



Vinnutímasamkomulag milli Leikskólans Leikhólts og Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Samningstími

Samningur þessi gildir frá 1. september 2022 – 1. janúar 2023

Heimild

Í kjarasamningi milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags leikskólakennara kemur fram að heimild til styttingu vinnuvikunnar sem nemur allt að 4 stundum miðað við 100% starfshlutfall náist samkomulag meirihluta starfsmanna stofnunnar.¹

Forsendur

Megin forsenda vinnustyttingarinnar er sú að starfsemi skólans raskist ekki og að skólastarf sé af sömu eða betri gæðum og áður. Einnig er eitt helsta markmið með styttingu vinnuvikunnar að minnka álag og forföll. Meðfylgjandi er yfirlýsing um að umrædd útfærsla sé samræmi við þær forsendur og þau markmið.

Markmið:

- Að gæði skólastarfs séu þau sömu eða betri með fullri vinnustyttingu starfsfólks
- Að bæta andlega, líkamlega og félagslega heilsu starfsfólks.
- Auka stöðuleika í mönnun og auka hagkvæmni í nýtingu fjármuna
- Að minnka forföll og leyfum um helming frá því sem áður var
- Að minnka álag á starfsfólki með bættri samþættingu vinnu og einkalífs

Útfærsla

Starfsfólki í 100% starfshlutfalli er boðið að taka styttingu í frídögum. Það mun starfa starfsmaður aðra hverja viku sem leysir af einn starfsmann hvern dag þannig að skipulag starfsins raskist ekki.

Leikskólastjóri sér um að velja frídaga og að þeim sé skipt sanngjarnt á milli starfsfólks þegar búið er að taka inn forsendur leikskólans (það sem hentar leikskólanum best og svo unnið út frá því). Hægt er að óska eftir sérstökum dögum og skal leikskólastjóri horfa til þess við útdeilingu frídaga. Starfsfólk getur einnig skipt frídögum sínum á milli í samráði við leikskólastjóra.

Starfsfólk í skertu starfshlutfalli er einnig með fulla vinnustyttingu en er samið við hvern og einn starfsmann sérstaklega um útfærslu, út frá sömu vinnureglu og nefnd er að ofan.

Fyrir hönd starfsfólks Leikhólts

Samþykkt á sveitarstjórnarfundum Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann

¹ Viðauki 1 í samningi. https://www.ki.is/media/aqid2w4e/fl-heildarkjarasamningur-2022-2023_lok.pdf